# Samantekt úr tölvupóstum sem varða viðskipti með bréf Arcadia

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 27-11-2001 | TJ til JÁJ<br>Subj: FW: Cash flow | Tölva TJ | Sæll Jón<br>Eins og þú sérð er peningastaðan býsna þung hjá okkur. Tvennt snýr að þér:<br>1. Geturðu ýtt á eftir Straumi um að ganga frá láninu til Gaums, svo við getum losað þar 100 millj kr. ? Ég veit að þetta lán er það sem Stefán hefur mestar áhyggjur af því aðrar skuldir Gaums við Baug eru tengdar viðskiptum. Þetta er hins vegar beint lán, sem er ólöglegt. Æskilegt er að hreinsa þetta út sem fyrst, en ekki síst af því okkur vantar aurinn.<br>2. Þú hafðir nefnt við Jóhönnu að þú gætir haft milligöngu um lán frá TM. Er það raunhæft í dag eins og staðan er nú?<br>Kveðja<br>Tryggvi | 30 |
| 27-02-2002 | Þorsteinn Víglundsson (ÞV) til JW<br>Subj: RE: | Tölva TJ | Sæl Jóhanna,<br>Við erum búin að vera í sambandi við Íslandsbanka í dag út af þessari 3,1 milljón bréfa. Sá sem mun víst sjá um þetta var veikur í dag en væntanlegur á morgun. Finnum væntanlega út úr því þá. Hefur þú eh. heyrt frá þinni hlið?<br>Varðandi óuppgerð mál A Holding þá tók ég saman meðfylgjandi Excel skjal. Eins og þú sérð eru enn óuppgerð ýmis mál vegna kaupanna á sínum tíma sem A Holding átti að taka á sig. Einnig eru ógreiddir yfirdrættir félagsins hér úti vegna stofnkostnaðar, rekstrarkostnaðar og annarra útlagðra gjalda. Félagið stendur því enn í rúmlega 91 milljóna króna skuld við KTL/Kaupþing og aðra þegar búið er að draga þann arð frá sem við fengum greiddan til okkar.<br>Þetta er talsvert meira en það sem við spjölluðum um í morgun og stafar af þessum reikningum sem lagt var út fyrir af hálfu KÞ.<br>Ég sé því ekki fram á að við getum greitt út arðinn til ykkar m.v. þessa stöðu.<br>kv. Þorsteinn | 31 |
| 28-02-2002 | JW til Önnu Þórðardóttur (AÞ)<br>Cc: TJ<br>Subj: Kaupþing Lux – arður Arcadia | Tölva TJ | Anna, er þetta eitthvað sem þú ert með skráð hjá okkur sem skuld við Kaupþing Lux.? Þeir vilja skuldajafna arðinum sem við erum að fá frá Arcadia á móti þessum skuldum. Ég var í þeirri trú að allar skuldir við kaupþing Lux væri búið að ganga frá með lánasamningum.....<br>Kv. Jóhanna W. | |



00270